

Nd.

338. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Í stað 1. málsg. 2. gr. laganna komi fimm nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, sem læknaeild háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknaeildar háskólans.

Ráðherra er heimilt að setja reglur um ráðstöfun námsvistar kandidata á sjúkrahúsum.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaun samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknaeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.